

Velferðarnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 5. maí 2017

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2022, 372. mál, þskj. 501.

Velferðarnefnd Alþingis sendi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins tillögu til þingsályktunar um lyfjastefnu til ársins 2022 til umsagnar.

Athugasemd við gr. 1.h.

1.h. Unnið verði að bættu aðgengi að lyfjum á landsbyggðinni, sérstaklega á smæstu stöðunum þar sem þjónusta er takmörkuð, og kannað hvort æskilegt sé að heimilað verði að selja tiltekin lausasölulyf í almennum verslunum.


Það er ákaflega varasamt að heimila að lyf verði seld í lausasölu í almennum verslunum. Verkjalyf eru þau lyf sem seljast mest í lausasölu. Reynsla nágrannaþjóða bendir til þess að töluverð hættu sé á misnotkun t.a.m. af verkjalyfinu parasetamól sem valdið getur nýrnaskaða við langvarandi notkun og í háum skömmtum. Mörg dæmi eru um slíka misnotkun t.a.m. frá Svíþjóð sem leiddu til þess að leyfi til að selja lyfið í almennum verslunum þar í landi var afturkallað. Þá er augljóst að verði sala lausasölulyfja í almennum verslunum án aðkomu fagmenntaðra heilbrigðisstarfsmanna leyfið einhvers staðar á landinu mun koma fram hert krafa um almennt leyfi til allra verslana hvar sem er á landinu og þar af leiðandi með meiri hættu á misnotkun. Leysa mætti vanda strjálbýlis með því að heilbrigðisstarfsmenn tækju að sér að afhenda slík lyf þar sem langt er í apótek og þannig tryggt að nauðsynleg fagþekking væri fyrir hendi. Þá mætti einnig heimila að komið yrði upp sjálfvalsaðstöðu í apótekum til að auðvelda aðgengi að lausasölulyfjum.

Athugasemd við gr. 1.i.

1.i. Stefnt verði að því að sérmenntaðir hjúkrunarfræðingar og ljósmæður fái takmarkaðan rétt til að ávísa ákveðnum lyfjum.

Við fögnum þessari breytingu enda er hún í samræmi við það sem tíðkast í nágranna- löndunum. Það er þó alltaf háð menntunarskilyrðum og mikilvægt, verði þetta heimilað, að tryggja næga þekkingu sem sýnt verði fram á með prófi að afloknu sérnámi. Grunnnámið eitt tryggir ekki næga þekkingu í lyfjafræði og lyfjameðferð.

Virðingarfyllst
f.h. Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins


Svanhvít Jakobsdóttir, forstjóri